

**ÚRSKURÐUR**  
**ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA**

---

**MÁL NR. 1/2023**

Kæra Sýnar hf. á ákvörðun Neytendastofu 15. maí 2023 í máli nr. 17/2023.

- Þann 20. mars 2024 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 1/2023: Kæra Sýnar hf. á ákvörðun Neytendastofu frá 15. maí 2023 í máli nr. 17/2023. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Gunnar Páll Baldvinsson.
- Með kæru, dags. 25. maí 2023, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að hann hafi brotið gegn 17. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 3. gr. reglna nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum í verslun Vodafone í Smáralind. Með ákvörðuninni var lögð á kæranda stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 krónur. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005.

**MÁLAVEXTIR**

- Dagana 7.-16. febrúar 2023 kannaði starfsmaður Neytendastofu ástand verðmerkinga í Smáralind, m.a. í verslun kæranda, Vodafone. Í bréfi, dags. 13. febrúar 2023, sem undirritað er af starfsmanni Neytendastofu og starfsmanni verslunar kæranda segir að í versluninni hafi fundist óverðmerkt Samsung Galaxy úr og sömuleiðis Panzer Glass spreng og heyrnartól.
- Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 24. febrúar 2023, var vísað til umræddrar heimsóknar í verslun kæranda. Kom fram að starfsmaður stofnunarinnar hefði dagana 7.-16. febrúar 2023 kannað hvort ástandi verðmerkinga í verslunum kæranda væri ábótavant og gert athugasemdir við að Samsung Galaxy úr við inngang verslunarinnar væru óverðmerkt. Þá hefði komið í ljós að Panzer Glass spreng við þjónustustöð og heyrnartól á borði við miðjan inngang væru óverðmerkt. Vakin var athygli kæranda á ákvæðum 17. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og reglum nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru og þeim tilmælum beint til kæranda að verðmerkja allar vörur með réttu verði, hvar sem þær væru hafðar til sýnis, svo augljóst væri fyrir neytendur hvert verð þeirra væri. Var kæranda veittur fjórtán daga frestur í því skyni og tekið fram að annars mætti búast við að tekin yrði ákvörðun um sektir samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005.
- Af gögnum málsins verður ráðið að starfsmaður Neytendastofu hafi aftur kannað ástand verðmerkinga í verslun kæranda 24. mars 2023. Í bréfi sem dagsett er þann dag, sem einnig er undirritað af starfsmanni Neytendastofu og starfsmanni kæranda, segir að úr hafi enn verið ómerkt og að verðmerkingum á vörum frá Panzer Glass hafi verið ábótavant.

6. Með öðru bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 24. apríl 2023, var vísað til fyrra bréfs og tekið fram að seinni skoðun starfsmanns stofnunarinnar hefði leitt í ljós að verðmerkingum í verslun kæranda væri enn ábótavant. Var kæranda boðið að koma á framfæri skýringum eða athugasemdum við erindið innan tveggja vikna áður en ákvörðun yrði tekin um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005. Engar athugasemdir munu hafa borist frá kæranda.
7. Með bréfi stofnunarinnar, dags. 15. maí 2023, var kæranda síðan tilkynnt að tekin hefði verið ákvörðun um álagningu sekta vegna ófullnægjandi verðmerkinga í verslun hans.

### **ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU**

8. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er fyrst vísað til 17. gr. laga nr. 57/2005 og reglna nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru. Samkvæmt reglunum beri verslun að verðmerkja allar söluvörur með réttu söluverði. Niðurstöður síðari skoðunar starfsmanns Neytendastofu í verslun kæranda hafi verið þær að verðmerkingum væri ábótavant og hafi sérstakar athugasemdir verið gerðar við að verðmerkingar skorti við úr og hreinsisprey. Eftir fyrri skoðun hafi kæranda verið gerð grein fyrir ástandi verðmerkinga í versluninni og viðeigandi reglum sem gildi um verðmerkingar. Hafi stofnunin beint þeim fyrirmælum til félagsins að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Það hafi ekki verið gert og því telji stofnunin nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimili.
9. Með vísan til framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga, og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum þyki stofnuninni hæfilegt að leggja á kæranda stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 krónur. Skuli greiða sektina í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

### **RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU**

10. Í kæru, dags. 25. maí 2023, segir að einu samskipti sem sannað sé að hafi átt sér stað í málinu séu þau að 13. febrúar 2023 eigi starfsmaður Neytendastofu að hafa komið í verslun kæranda í Smáralind í þeim tilgangi að kanna ástand verðmerkinga. Skoðun starfsmanns Neytendastofu eigi að hafa leitt í ljós að ástandi verðmerkinga væri ábótavant. Í kjölfarið sé því haldið fram af hálfu Neytendastofu að send hafi verið tvö bréf á starfsstöð kæranda, dags. 24. febrúar og 24. apríl 2023. Þar sem bréfin hafi aldrei borist félaginu svo vitað sé hafi þeim skiljanlega aldrei verið svarað. Við svo búið hafi Neytendastofa tekið hina kærðu ákvörðun. Þrátt fyrir áskorun til stofnunarinnar um að færa sönnur á að bréfin hafi verið send og móttekin hafi stofnuninni ekki tekist það. Auk þess hafi stofnunin hafnað að afturkalla hina kærðu ákvörðun þrátt fyrir ábendingar um að bréfin hafi aldrei borist. Í kjölfar birtingar ákvörðunarinnar hafi verið birtar umtalsverðar fréttir af málinu og hliðstæðum málum. Það hafi komið kæranda í opna skjöldu að Neytendastofa skyldi án viðvörunar sekta kæranda enda hafi hann verið grunlaus um að til álita kæmi að leggja á íþyngjandi stjórnvaldssekt vegna málsins.

11. Kærandi byggir á því að brotið hafi verið gegn andmæla­reglu 13. gr. stjórnsýslulaga við meðferð málsins. Þegar til greina komi að beita refsikenndum viðurlögum verði að gera strangar kröfur til málsmeðferðar. Með því að senda almennan bréfpóst sem engin leið sé að sanna að hafi borist hafi kæranda ekki gefist færi á að neyta andmælaréttar eða gera nauðsynlegar úrbætur. Hefði stjórnendum kæranda verið kunnugt um málið hefðu nauðsynlegar úrbætur verið gerðar og þar með enginn grundvöllur verið fyrir efnisákvörðun í málinu, hvað þá sektarákvörðun.
12. Í þeim málum þar sem áfrýjunarnefnd neytendamála hafi staðfest núverandi fyrirkomulag verðmerkingareftirlits sé ágreiningslaust að bréf sem hafi gefið kost á úrbótum eða andmælum hafi sannanlega borist til hlutaðeigandi ólíkt því sem hér eigi við. Úrskurðirnir hafi því ekki fordæmisgildi í málinu. Brot á andmæla­reglu teljist verulegur annmarki sem leiði til þess að ákvörðun teljist ógildanleg. Þótt sektarfjárhæð hafi verið óveruleg hafi fréttáflutningur um ákvörðunina valdið verulegu orðsporshnekki og félagið verið sakað um einbeittan brotavilja.
13. Í greinargerð Neytendastofu, dags. 19. júlí 2023, er á því byggt að stofnunin hafi gætt að öllum reglum stjórnsýsluréttarins við meðferð málsins. Við fyrri skoðun 13. febrúar 2023, hafi ástandi verðmerkinga í verslun kæranda verið talið ábótavant og starfsmaður kæranda kvittað fyrir þeim athugasemdum sem gerðar hafi verið og móttöku bréfs um verðmerkingareftirlit Neytendastofu þar sem gerð hafi verið grein fyrir þeim lagareglum sem um verðmerkingar gildi. Stofnunin hafi gætt að leiðbeiningarskyldu sinni, bæði með blaði sem skilið hafi verið eftir í verslun við skoðun á ástandi verðmerkinga, og með bréfi sem sent hafi verið í kjölfar skoðunar, dags. 24. febrúar, á skráð lögheimili kæranda. Í því bréfi hafi verið tilkynnt um niðurstöður skoðunarinnar, gerð grein fyrir þeim ákvæðum sem gildi um verðmerkingar og þeim eindregnu tilmælum verið beint til félagsins að koma verðmerkingum í betra horf. Þá hafi verið tiltekið að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og félagið mætti búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.
14. Þá hafi seinni skoðun verið framkvæmd hjá kæranda 24. mars 2023 og hafi ástandi verðmerkinga þá enn verið ábótavant. Líkt og áður hafi starfsmaður kæranda kvittað fyrir athugasemdunum sem gerðar voru og móttöku bréfs um verðmerkingareftirlit Neytendastofu. Með bréfi stofnunarinnar, dags. 24. apríl 2023, sem sent hafi verið á skráð lögheimili kæranda, hafi kæranda verið gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.
15. Fyrir liggir því að starfsmaður verslunar kæranda hafi kvittað upp á báðar skoðanir Neytendastofu auk þess sem upplýsingablað vegna verðmerkinga hafi verið skilið eftir í versluninni. Þá beri að geta þess að bréfin sem send hafi verið kæranda hafi verið send á skráð lögheimili hans líkt og önnur bréf sem stofnunin hafi sent kæranda, nú sem fyrr, án þess að vera endursend frá Póstinum. Af því megi draga þá ályktun að bréfin hafi sannanlega komist til skila á lögheimili kæranda. Sami háttur hafi verið hafður á gagnvart öllum öðrum verslunum Smáralindar á sama tíma án athugasemda. Neytendastofa hafi stuðst við framangreint verklag

við verðmerkingareftirlit hingað til án nokkurra vandkvæða og hafi ákvarðanir stofnunarinnar, sem hafi byggt á þessu verklagi, verið staðfestar af áfrýjunarnefnd neytendamála.

16. Ákvæði 13. gr. stjórnarsýslulaga kveði á um að aðili máls skuli eiga kost á að tjá sig um efni máls en í lögnum eða lögskýringargögnum sé ekki fjallað um það hvernig samskiptum skuli komið á. Þá sé í lögum nr. 57/2005 ekki kveðið á um hvernig afhendingu gagna skuli háttað. Neytendastofa geti ekki fallist á að með heimsóknnum í verslun, þar sem rætt sé við starfsmann og bréf skilið eftir með upplýsingum um verðmerkingareftirlit, auk þess sem bréf sé sent á skráð lögheimili kæranda, sé kærandi ekki upplýstur um málið og veitt færi á að nýta andmælarétt sinn. Ekki verði á það fallist að til þess að 13. gr. stjórnarsýslulaga sé fylgt verði stofnuninni að berast staðfesting móttöku bréfa, enda gætu aðilar máls þannig komist hjá því að stofnunin afgreiddi mál með því að láta hjá líða að staðfesta móttöku óháð því hvernig bréf berist.
17. Fallist áfrýjunarnefndin ekki á að gætt hafi verið að andmælarétti kæranda megi á það benda að í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 21/2011 komi fram sú afstaða nefndarinnar að: „Jafnvel þótt fallist væri á að andmælaréttur hefði verið brotinn á lægra stjórnarsýslustigi er þannig ljóst að úr því teldist hafa verið bætt á æðra stjórnarsýslustigi, og engin efni til að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi á grundvelli skorts á andmælarétti, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga.“ Þessi afstaða komi einnig fram í úrskurðum í málum nr. 17/2010 og 18/2010. Þá telji Neytendastofa að jafnræðis og meðalhófs hafi verið gætt við meðferð málsins og ákvörðun sektarfjárhæðar. Með vísan til hinnar kærðu ákvörðunar sem og ofangreinds telji Neytendastofa ekki tilefni til að fella ákvörðun stofnunarinnar úr gildi eða lækka fjárhæð sektar.
18. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar, dags. 4. ágúst 2023, var kæranda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum eða skýringum við greinargerð Neytendastofu. Með bréfi lögmanns kæranda, dags. 23. ágúst 2023, var því lýst að greinargerð Neytendastofu og fylgigögn hennar sýndu að enn væri ósannað að bréf Neytendastofu, dags. 24. febrúar og 24. apríl 2023, hafi borist kæranda. Stjórnvaldinu hafi verið í lófa lagið að boðsenda bréfin eða senda þau með sannanlegum hætti með þeirri þjónustu sem Íslandspóstur bjóði. Þá hafi stjórnvaldið haft val um að senda bréf sem þessi rafrænt en sá háttur sé hafður á í öllum samskiptum sem lögmaðurinn eigi við önnur stjórnvöld. Einu gögnin sem ágreiningslaust sé að móttækin hafi verið séu tvö blöð um ástand verðmerkinga sem starfsmenn verslunar Vodafone í Smáralind hafi kvittað fyrir móttöku á. Þau blöð hafi verið stíluð á Vodafone sem sé ekki til sem lögaðili. Sýn hf. reki hins vegar verslanir undir vörumerkinu Vodafone.
19. Það liggi því fyrir að það sé allsendis ósannað að nokkru gagni hafi verið beint að kæranda eða að kæranda hafi verið gefinn kostur á að neyta andmæla áður en hin kærða ákvörðun var tekin. Þegar af þeirri ástæðu beri að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi enda hljóti allur vafi um hvort bréf Neytendastofu hafi borist að vera skýrður kæranda í hag fremur en stjórnvaldi sem ekki kjósi að nýta sér skýra heimild til rafrænnar málsmeðferðar, sbr. IX. kafla stjórnarsýslulaga. Auk þess blasi við að það geti ekki talist fullnægjandi stjórnarsýsluhættir að láta starfsmenn í verslun kvitta fyrir móttöku á efni ástandsblaða sem geti leitt til stjórnvaldssekta. Varla teljist það

fullnægjandi að skilja slíkt ástandsblað eftir á kassa í Bónus svo dæmi sé tekið. Með því að tryggja ekki að bréf berist til þess lögaðila sem málið varði sé ekki einasta um brot á andmælareglunni að ræða heldur felist einnig í því að mál sé órannsakað.

20. Þá sé því sérstaklega andmælt að úr broti á andmælarétti hafi verið bætt á áfrýjunarstigi enda sé með öllu örökstutt í hverju þær meintu úrbætur felist. Þvert á móti telji kærandi hér háttá til með svipuðum hætti og í máli áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 5/2006, en þar hafi m.a. sagt í forsendum nefndarinnar að grundvallaratriði væri að aðilar fengju sanngjarnt tækifæri til að gæta andmælaréttar. Þótt nefndin hafi talið sig geta bætt úr ýmsum minni háttar annmörkum á meðferð mála hjá lægra stjórnslustigi hefði hún ekki heimild til að bæta úr þeim verulegu göllum á málsmeðferð sem við hefðu átt í málinu. Að mati kæranda hafi áfrýjunarnefnd neytendamála enga heimild til að bæta úr þeim verulega ágalla sem felist í að ósannað sé að nokkru gagni hafi verið beint að félaginu.

## NIÐURSTAÐA

21. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á ákvörðun Neytendastofu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að hann hefði brotið gegn 17. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og 3. gr. reglna nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með því að hafa ekki verðmerkt vörur í verslun Vodafone í Smáralind með fullnægjandi hætti. Með ákvörðuninni var lögð á kæranda stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 krónur. Ákvörðun Neytendastofu kom til í kjölfar tveggja athugana fulltrúa stofnunarinnar á verðmerkingum í verslunum kæranda í Smáralind þar sem niðurstaðan var í báðum tilvikum sú að verðmerkingum væri ábótavant.
22. Samkvæmt 17. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 skal fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustað að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Í 17. og 18. gr. laganna er Neytendastofu veitt heimild til að setja frekari ákvæði um verðmerkingar og það hefur stofnunin gert með reglum nr. 536/2011. Í umræddum reglum kemur m.a. fram að fyrirtæki skuli skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglnanna. Þá segir í 3. mgr. 3. gr. að vöru skuli verðmerkja þar sem hún sé til sýnis, þ.m.t. í búðargluggum, sýningarkössum og annars staðar.
23. Í málinu liggja fyrir skjöl vegna áðurnefndra tveggja athugana Neytendastofu. Þannig liggur fyrir að þann 13. febrúar 2023 kom starfsmaður stofnunarinnar í verslun kæranda í Smáralind og gerði athugasemdir við að verðmerkingum væri ábótavant að því leyti að Samsung Galaxy úr, Panzer Glass spreng og heyrnartól væru óverðmerkt. Skildi starfsmaðurinn m.a. eftir bréf með upplýsingum um hvaða lög og reglur giltu um verðmerkingar í verslunum, en umrætt bréf mun hafa verið undirritað af starfsmanni kæranda.

24. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 24. febrúar 2023, var kæranda tilkynnt að málið væri til skoðunar stofnunarinnar og honum boðið að koma að skýringum sínum eða athugasemdum. Kom fram að heimsókn starfsmanns Neytendastofu hefði leitt í ljós að verðmerkingum í verslun kæranda hefði verið ábótavant og þeim tilmælum beint til kæranda að bæta úr því. Þá var fjallað um þau lög og reglur sem kærandi er bundinn af að því er varðar verðmerkingar. Starfsmaður stofnunarinnar fór aftur í sömu verslun 24. mars 2023 til þess að kanna ástand verðmerkinga. Niðurstaða könnunarinnar var sú að verðmerkingum við Panzer Glass spreng væri ábótavant og að úr væru enn óverðmerkt. Undirritaði starfsmaður kæranda aftur staðfestingu á niðurstöðum skoðunar og móttöku bréfs um verðmerkingareftirlit Neytendastofu.
25. Samkvæmt framansögðu er ljóst að starfsmaður Neytendastofu hafi í tvígang komið í verslun kæranda í Smáralind og kannað ástand verðmerkinga. Þá bera skjölin sem starfsmaðurinn skildi eftir í versluninni með sér að verðmerkingar hafi ekki samræmst lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og reglum nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Liggur þannig ljóst fyrir að mati áfrýjunarnefndarinnar að verðmerkingum hafi verið ábótavant og að kærandi hafi ekki, þrátt fyrir aðvörun í fyrri heimsókn starfsmanns Neytendastofu, komið verðmerkingum í rétt horf áður en starfsmaður stofnunarinnar bar aftur að garði um það bil tveimur mánuðum síðar.
26. Af hálfu kæranda er því ekki mótmælt sérstaklega að verðmerkingar hafi verið í því horfi sem að framan greinir. Kærandi byggir hins vegar á því að ósannað sé að honum hafi borist bréf Neytendastofu, dags. 24. febrúar 2023 og 24. apríl 2023, eða að þau hafi yfirhöfuð verið send honum, enda hafi þau hvorki verið send með rafrænum hætti né með öðrum sannanlegum hætti. Þá hafi fyrrgreind blöð um ástand verðmerkinga, sem starfsmenn verslunar Vodafone í Smáralind kvittuðu fyrir móttöku á, verið stíluð á Vodafone sem sé ekki til sem sérstakur lögaðili. Liggja þannig ekki fyrir að nokkurt gagn hafi borist kæranda um mál hans hjá Neytendastofu.
27. Svo sem fram er komið liggja fyrir gögn um tvær heimsóknir starfsmanns Neytendastofu í verslun kæranda þar sem niðurstaðan var sú að verðmerkingum væri ábótavant. Í tilefni beggja heimsókna ritaði starfsmaður undir skjal þar sem heimsóknin var staðfest og sömuleiðis móttaka bréfs um verðmerkingareftirlit stofnunarinnar. Það hvort umrætt bréf var stílað á kæranda sjálfan eða Vodafone breytti því í engu að með undirritun starfsmannsins hafði verið komið á framfæri við verslunina og viðkomandi rekstraraðila hennar eða eiganda að Neytendastofu hafi borið að garði og að gerðar hafi verið athugasemdir við verðmerkingar í versluninni. Þá mátti kæranda, eða þeim sem rak verslunina á hans vegum, vera ljóst af bréfi því sem skilið var eftir að á versluninni hvíldi skýlaus skylda til þess að haga verðmerkingum þannig að neytendum væri alltaf ljóst verð á viðkomandi vörum og að Neytendastofa kynni að grípa til aðgerða vegna brota á ákvæðum laga og reglna um verðmerkingar.

28. Hvað varðar bréf þau er Neytendastofa sendi kæranda í kjölfar fyrrgreindra heimsókna, þar sem þeim tilmælum var beint til kæranda að koma verðmerkingum í rétt horf og upplýst að stofnunin kynni að grípa til þess að leggja á stjórnvaldssekt vegna viðkomandi brota, er til þess að líta að hvorki er í fyrrgreindum lögum nr. 57/2005 né stjórnslulögum nr. 37/1993 fjallað um þann hátt sem hafður skal á við birtingu bréfa eða tilkynninga þar sem aðila er gefinn kostur á að tjá sig um mál sem er til meðferðar eða hann upplýstur um meðferð máls. Á það er þó bent af gefnu tilefni að Neytendastofu ber, líkt og stjórnvöldum endranær, eðli málsins samkvæmt að leitast við að senda bréf eða orðsendingar með þeim hætti að tryggt sé eins og kostur er að aðilum berist erindið. Fyrir liggja í málinu tvö bréf Neytendastofu, dags. 24. febrúar 2023 og 24. apríl 2023, sem stíluð eru á kæranda og byggt er á af hálfu Neytendastofu að hafi verið send á skráð heimilisfang hans. Hin kærða ákvörðun, sem dagsett er 15. maí 2023, mun hafa verið send kæranda á sama heimilisfang og verður ekki annað ráðið af tölvubréfi lögmanns kæranda, dags. 17. maí 2023, eða tveimur dögum síðar, en að honum hafi borist það bréf stofnunarinnar.
29. Í ljósi þess að bréf stofnunarinnar voru send á skráð heimilisfang kæranda og þess að kæranda mátti samkvæmt framansögðu vera ljóst, í kjölfar heimsókna Neytendastofu, að málið væri til meðferðar, verður ekki fallist á það með kæranda að Neytendastofa hafi brotið gegn 13. gr. stjórnslulaga með því að tilkynna kæranda ekki um meðferð málsins eða yfirvofandi sektargerð með fullnægjandi hætti. Kærandi mátti vita strax í kjölfar fyrri heimsóknar Neytendastofu að stofnunin taldi verðmerkingar verslunarinnar brjóta í bága við ákvæði laga en gætti ekki að því að koma verðmerkingum sínum í rétt horf í tíma.
30. Stjórnvaldssektin í hinni kærðu ákvörðun var ekki lögð á fyrr en að lokinni síðari heimsókn kæranda, en báðar heimsóknirnar leiddu í ljós, líkt og áður greinir, að ástand verðmerkinga var ófullnægjandi og fékk kærandi kost á að bæta úr því áður en til álagningar sektarinnar kom. Það gerði kærandi ekki og við þær aðstæður var Neytendastofu heimilt að leggja sektina á. Þá verður að telja fjárhæð sektarinnar í hóf stillt þegar litið er til þeirra marka sem sett eru fram í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, sektarfjárhæða í öðrum svipuðum málum og brots þess sem um ræðir.
31. Samkvæmt öllu framangreindu ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

### ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Gunnar Páll Baldvinsson